STRANDABYGGÐ

# Íþrótta- og frístundastyrkir barna og unglinga 2024.

Strandabyggð veitir foreldrum/forráðamönnum barna og ungmenna á aldrinum 6 að 18 ára, styrki vegna íþrótta- og frístundaiðkunar. Meginmarkmið íþrótta- og frístundastyrkja er að stuðla að aukinni hreyfingu og félagsþátttöku barna í sveitarfélaginu. Styrkur er veittur vegna æfinga- og þátttökugjalda fyrir börn á aldrinum 6 að 18 ára með lögheimili í Strandabyggð. Styrkhæft er hvers konar reglulegt íþrótta- og frístundastarf. Fjárhæð styrks er ákveðin ár hvert í sveitarstjórn að fengnum tillögum frá tómstunda- íþrótta- og menningarnefnd. Styrkur nemur aldrei hærri fjárhæð en sem nemur greiddum gjöldum.

Styrkur árið 2024 er 30.000 kr.

Umsóknir vegna æfingagjalda frá 1. september til 31. ágúst þurfa að berast í síðasta lagi 15. september ár hvert til skrifstofu Strandabyggðar.

Gögn sem fylgja þurfa umsókninni:

- Afrit af reikningi þar sem fram kemur fyrir hvaða íþrótt eða tómstund er verið að greiða og fyrir hvaða barn.
- Staðfestingu á greiðslu
- Reikningsupplýsingar til að leggja styrkinn inn á

Greiðsla styrks fer fram fyrir lok október ár hvert

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 13. febrúar 2024

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410
SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS